



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Hver eru viðhorf Skagstrendinga til  
ferðapjónustu og til frekari uppbyggingar  
hennar?

Kristín Björk Leifsdóttir

## Heimildaskrá

Lýsing á rannsóknarverkefni .....	2
Lýsing á aðferðafræði .....	2
Spurningalisti .....	2
Tilgangur verkefnis .....	3
Niðurstöður könnunar .....	4

## Lýsing á rannsóknarverkefni

Viðfangsefnið í rannsókninni var að kanna viðhorf Skagstrendinga til ferðaþjónustu á svæðinu. Ástæða þess að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu er áhugi minn á að byggja upp ferðaþjónustu og langaði mig því að kanna hug heimamanna til frekari uppbyggingar.

## Lýsing á aðferðafræði

Rannsóknarsniðið sem ég studdist við er meginlegt snið. Það felur í sér tölfræðilega greiningu (*e.statistical analysis*). Rannsókn með þessari aðferð felur í sér tölulegar sannanir til að komast að niðurstöðu eða til að prófa tilgátu. Í þeim tilgangi velur rannsakandinn rannsóknaraðferð annað hvort tilraun (*e.experiment*) eða könnun (*e.survey*) og „brýtur“ hegðun viðfanga, þ.e.a.s. þess sem hann rannsakar, niður í breytur (*e.variable*) og aflar sér síðan tölfræðilegra upplýsinga um þessar breytur. Þó er eigindlegri aðferð blandað inn í þar sem nokkra spurningarnar eru opnar og þátttakendur geta tjáð sig með sínum orðum og skoðunum. Rannsóknin er einnig lýsandi (*e. descriptive*), þ.e. hún lýsir því fyrirbæri sem verið er að kanna eins og það er (Esterberg, 2002). Rannsóknin gekk út á að kanna viðhorf Skagstrendinga til ferðaþjónustu og til frekari uppbyggingar hennar á Skagaströnd.

## Spurningalisti


Spurningalistinn samanstóð af tíu stöðluðum spurningum, sem fylgja með í viðauka. Í þessari rannsókn var þýðið (*e. population*) íbúar á Skagaströnd. Þýði er sá heildarhópur sem ætlunin er að rannsaka. Úrtakið (*e.sample*) var markmiðsúrtak (*e. purpose sample*), íbúar Skagastrandar sem eru skráðir í lokaðan Facebook hóp. Úrtak er sá hópur sem valinn er úr þýðinu og á að endurspeglar skoðanir heildarhópsins eða þýðisins. Þegar úrtakið var valið var horfið ég til þess að hægt yrði að fá svörun frá sem fjölbreyttustum hóp íbúa Skagastrandar (Esterberg, 2002). Ákveðið var að senda spurningakönnun ásamt kynningarbréfi á lokaðan Facebook hóp sem ber heitið „Skagstrendingar“. Með þeim hætti var ætlunin að ná til eins víðs hóps íbúa og mögulegt var.

## **Tilgangur verkefnis**

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að fá svör við því hvert viðhorf heima fólks er til ferðapjónustu á Skagaströnd og til frekari uppbyggingar hennar. Sett var fram eftirfarandi rannsóknarspurning:


*„Hver eru viðhorf Skagstrendinga til ferðapjónustu og til frekari uppbyggingar hennar“?*

## Niðurstöður könnunar




Spurning 1

Alls svöruðu 92 könnuninni. 76% þátttakenda voru konur og 24% karlar.




Spurning 2

Þegar skipting þátttakenda í aldursflokka var skoðuð mátti sjá að stærsti aldursflokkurinn er fólk á aldrinum 39-48 ára eða 32%. 23% eru á aldrinum 49-58 ára, 18% á aldrinum 29-38 ára, 16% eru á aldrinum 18-28 ára, 8% eru á aldrinum 59-68 ára og 3% 69 ára eða eldri.




Spurning 3

Meirihluti þátttakenda hafa búið á Skagaströnd í 20 ár eða lengur, eða 72%, 13% hafa búið á Skagaströnd í 10-15 ár, 2% í 16-19 ár, 6% hafa búið á Skagaströnd í 5-10 ár og 1-5 ár.




Spurning 4

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort að þeir væru hlynntir fjölgun ferðamanna á Skagaströnd kom í ljós að 64% voru mjög hlynntir, 28% voru frekar hlynntir, 6% voru hvorki hlynntir né andvígir og 2% voru frekar andvígir.




Spurning 5

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað væri helsta aðráttarafl fyrir ferðamenn á Skagaströnd kom í ljós að 78% nefndu náttúruna, 14% nefndu menninguna, 3% afþreyingu og 5% veðrið.



Spurning 6


Þegar þátttakendur voru spurðir um viðhorf íbúa Skagastrandar í garð ferðamanna vera almennt jákvætt eða neikvætt kom í ljós að 45% töldu það vera frekar jákvætt, 30% töldu það hvorki jákvætt né neikvætt, 8% sögðu það vera frekar neikvætt, 4% vissu það ekki.



Spurning 7


Þegar þátttakendur voru spurðir hversu mikilvæga eða lítilvæga þeir telji ferðaþjónustu vera fyrir atvinnulífið á Skagaströnd sögðu 52% hana vera mjög mikilvæga, 38% töldu hana frekar mikilvæga, 6% hvorki mikilvæga né lítilvæga, 3% sögðu hana frekar lítilvæga, 1% töldu hana mjög lítilvæga.






Spurning 8

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu mikinn eða lítinn áhuga þeir hafa á að taka þátt í uppbyggingu á ferðþjónustu á Skagaströnd sögðust 39% hafa frekar mikinn áhuga, 25% hafa mjög mikinn áhuga, 28% hafa hvorki mikinn né lítinn áhuga, 4% hafa frekar lítinn áhuga, 2% hafa mjög lítinn áhuga og 2% vissu það ekki.



Spurning 9

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað þeir telji aðalávinning af ferðaþjónustu á Skagaströnd vera sögðu 63% hann vera atvinnuskapandi, 3% sagði hann styrkja aðrar atvinnugreinar á Skagaströnd, 6% sagði hann efla þjónustu fyrir heimamenn, 17% sögðu að ferðaþjónusta myndi viðhalda búsetu, 11% nefndu beinar tekjur af ferðaþjónustu.



Spurning 10

Þegar þátttakendur voru spurðir hverjir ættu að koma að uppbyggingu á ferðaþjónustu á Skagaströnd sögðu 70% samvinna ferðaþjónustufyrirtækja, sveitarsjóðs og hins opinbera, 14% sögðu Ferðaþjónustufyrirtæki, 13 % sögðu Sveitarsjóður og ferðaþjónustufyrirtæki og 3% Hið opinbera og sveitarsjóður.